
BLÁÐ

12. árg. júní 1990 1. tbl.

IDJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

DONJOY[®]

hnéspelkur sem eiga engan sinn líka



Donjoy hnéspelkur með fjögurra punkta vogaraflsátaki og tvímiðja stillanlegum spelkulið skila undraverðum árangri við endurhæfingu fólks sem hefur slasast eða gengist undir uppskurð á hné.

Sérfræðingar í stoðtækjasmíði og íþróttalækningum hjá Donjoy stoðtækjasmíðjunni í Kaliforníu hafa hannað hnéspelkur þar sem hreyfing krafta í vogarstöng er notuð til þess að vinna gegn frumorsök þess að menn geta ekki reynt á, beygt eða rétt úr hnjálið án þess að eitthvað gangi úr skorðum í hnénu. Fjörir átakspunktur í Donjoy hnéspelkunni vinna gegn því að sköflungurinn leiti fram á við og að sköflungshnúarnir hníkist til í legu sinni í hnjáliðnum. Í tvímiðja stillanlegum spelkulið er líkt eftir hreyfingum í hnjáliðnum sjálfum og sjúklingum gert kleift að beita fætinum að því marki sem talið er óhætt á meðan á endurhæfingu stendur. Donjoy hnéspelkurnar eru þannig ómetanlegt stoðtæki og henta afar vel við endurhæfingu þar sem lögð er áhersla á að sjúklingur hlífi ekki hnjáliðnum meira en brýn nauðsyn krefur.

Donjoy CE 2000 fjögurra punkta hnéspelkur eru smíðnar nákvæmlega fyrir sérhvern einstakling með fremri krosshandsáverka í hné. Hjá Össuri hl. er tekið nákvæmt mál af hnénu og það síðan sent til Donjoy stoðtækjasmíðjunnar í Kaliforníu þar sem hnéspelkurnar eru sersmíðaðar.

Náðu skjótum árangri með Donjoy



ÖSSUR

Hverfisgötu 105
101 Reykjavík
Símar 20460,
621460

ÍÐJURJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

BLAÐIÐ

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 8845

128 Reykjavík

PRENTUN: Offsetfjölritun h.f.
Lágmúla 7, 108 Reykjavík

EFNI: Mænuskaði

RITNEFND: Elín Hannesdóttir
Gerður Gústavsdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Unnur Jóhannesdóttir

STJÓRN ÍÍ: Hope Knútsson formaður
Rannveig Baldursdóttir varaformaður
Valrós Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri
Sigrún Garðarsdóttir ritari
Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir stj.meðlimur
Kristjana Fenger varamaður
Anna Guðrún Arnardóttir varamaður

	Bls.
EFNISYFIRLIT: Mænuskaði	7
Mænuskaðar frá sjónarhóli hjúkrunarfræðinnar	11
Íðjupjálfun mænuskaðaðra	17
Mænuskaðar á Íslandi	20
Félagsleg úrræði fyrir mænuskaðaða	27
Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi	30
Nordisk seminar 1990	32
Fréttir	33
Lausar stöður	34
Félagatal	35




MARGIR VERJA ÞRÍÐJUNGI ÆVI SINNAR Á LYSTADÚN

Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að þeir sofa einn þriðja hluta ævi sinnar. En svefn og svefn er ekki það sama. Svefn í rúmi sem ekki hæfir þér getur orðið til þess að þú vaknir þreytt(ur) á hverjum morgni án þess að þú gerir þér grein fyrir því.

Hvöldin er jafn nauðsynleg og góð hreyfing.

Þér finnst sjálfsagt að fara vel með þig, byggja þig upp fyrir átök daglega lífsins og vera í góðu formi. Sumir synda á hverjum morgni, aðrir hlaupa eða stunda leikfimi. Allflestir gera sér grein fyrir nauðsyn réttar hvíldar og góðs mataræðis. Góð vinnuaðstaða, - stólar, borð og tæki eru líka sjálfsagðir hlutir.



En hvað þá með helsta hvíldarstaðinn - rúmið þitt?

Allir sérfræðingar eru sammála um að rúmið verði að vera sannkallaður hvíldarstaður, en dýnan verður að hæfa þér, þyngd þinni og stærð. Þess vegna er mjög mikilvægt að dýnan þín sé rétt upp byggð og með réttum rúmbotni. Þar kemur LATEX dýnan til hjálpar. LATEX dýnurnar frá Lystadún uppfylla allar þær kröfur sem fólk gerir um góðar dýnur. LATEX er unnið úr náttúrulegum efnum og í LATEX dýnum eru þúsundir holrúma sem gera lofti kleift að leika um þær og halda þannig líkamshita jafnari.

LATEX - lausn á tímum endurmats

Láttu ekki óheppilega rúmdýnu valda þér óþægindum stóran hluta ævi þinnar. Leggðu þig á LATEX dýnu og farðu vel með þig. Ný viðhorf í heilsu- og heilbrigðismálum munu stuðla að skynsamlegri lífsháttum og betri heilsu. Í því sambandi skiptir góður svefn á góðri dýnu afar miklu máli.



LYSTADÚN

Skútuvgi 11, sími 8 46 55

Opíð í sumar mánud. - föstud. frá kl. 09 - 18.

MÆNUSKAÐI

ENDURHÆFINGA- OG TAUGA- DEILD BORGARSPÍTALANS

Deildin tók formlega til starfa í byrjun ársins 1973. Starfsemin fer aðallega fram á þremur stöðum. Í aðalbyggingu Borgarspítalans í Fossvogi eru meðferðardeildir í sjúkra- og iðjuþjálfun, sem veita hinum ýmsu deildum spítalans þjónustu. Á Heilsuverndarstöðinni við Barónstíg er 24 rúma langvistunardeild. Á Grensásdeild eru endurhæfinga-, gigtar- og taugadeildir með alls 60 rúm og 10 dagvistunarpláss svo og taugarannsóknarstofa ásamt einingum í iðju-, sjúkra- og talþjálfun. Þeir félagsráðgjafar Borgarspítalans, sem annast þjónustu við vefrænar deildir tilheyra ennfremur deildinni.

Sjúklingar Grensásdeildar eru aðallega með einkenni frá heila og taugakerfi svo og með liða- og stoðkerfisvandamál. Bæklunar- og taugaskurðlækningar eru stundaðar við Borgarspítalann. Vegna þessa og með tilkomu Grensásdeildar hefur þróunin orðið sú, að sl. 17 ár hafa allir mænuskaðar komið til spítalans og bráðavandanum og endurhæfingunni verið sinnt þar. Þessu hefur verið öðruvísi farið í nágrannalöndum okkar, þar sem sjúklingar hafa í beinu framhaldi af slysinu verið fluttir á skurðlækningadeildir og svo löngu síðar inn á endurhæfingastofnanir, oft með legusár, þvagfæra-

sýkingar og kreppu, sem hafa hindrað endurhæfinguna. Fyrir nokkrum árum tók þó til starfa mænuskaðaeining á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg, þar sem meðferð er sinnt frá byrjun skaða til útskriftar.

ÞVERLÖMUN

Mænuskaði er alltaf mjög alvarlegur. Skemmdin í mænunni getur verið algjör (total), þ.e.a.s. náð þvert yfir mænuna í ákveðinni hæð. Við það rofnar allt samband frá heila og til þess hluta mænu og úttauga, sem eru fyrir neðan skaðaða svæðið og svo öfugt. Við takmarkaðan skaða (partial), eyðileggst hluti af mænunni, þannig að mismikið samband er og flutningur taugaboða yfir skaðaða svæðið. Ef skaðinn verður í hálshluta mænu, verður þverlömumunin af þeirri gerð, sem kallast tetraplegia eða quadriplegia. Lömunin er í öllum útlimum. Sé hún bundin við ganglimi eina, er talað um paraplegiu. Samfara lömuninni verður tilfinningaleysi á líkamanum neðan við það svæði, sem skemmdin takmarkast af svo og lömun á þvagblöðru og þörmum. Því ofar sem skemmdin er í mænunni, því stærra svæði af líkamanum er tilfinningalaust og lamað. Um helmingur mænuskaða er í háls hlutanum og stór hluti þeirra er ekki

algjör með takmarkaðri lömun í handleggjum, en verulegri í ganglimum. Skaði í brjósthuta mænu er oftast algjör. Verði skaðinn í neðsta hluta (cauda equina) sleppa oftast margar brautir við skemmd. Almennt er talið að af hópi mænuskaddaðra séu 75% karlmenn.

Frá því Grensásdeild tók til starfa hafa yfir 80 manns hlotið mænuskaða á Íslandi og komið til endurhæfingar á deildinni. Á árunum 1973-83 voru þetta um 6-7 einstaklingar á ári, en síðustu ár u.þ.b. þrír og er þá tíðnin orðin svipuð og í nágrannalöndum okkar. Um helmingur slasaðra var innan við 30 ára aldur. Karlmenn voru í miklum meirihluta. Algengasta orsök var umferðarslys, um 60% og 80% þeirra voru úti á vegum, þar sem hreinlega var ekið út af. Fall úr mismikilli hæð er orsök skaðans í um 25% tilfella. Aðrar orsakir tengjast mismunandi íþróttum eða tómstundaáhugamálum og höggi á hnakka eða bak, t.d. við vinnu og fleira. Tæplega helmingur þeirra sköððuðu voru hjólastólabundnir eftir endurhæfingu.

MEÐFERÐ Á BRÁÐASTIGINU

Þegar komið er að slösuðum einstaklingi, er mænuskaði sennilegur, ef viðkomandi hefur sársauka í hnakka eða baki og getur ekki hreyft fætur eða útlími. Mikilvægt er að hlúa að honum og bíða flutnings á spítala með sjúkrabíl. Við komu á spítalann er gerð lækniSSkoðun og afstaða tekin til röntgenrannsóknar og hugsanlegs uppskurðar. Mænan getur verið sködduð með eða án hryggbrots. Í fyrra tilfellinu merst hún eða blæðir inn á hana,

í síðara tilfelli þrýstir aflaga bein á hana eða beinflísar stingast inn í hana. Hafi hálsliðir færst úr stað eða hryggbolir fallið saman (dislocation og angulation) er þetta lagfært með togútbúnaði eins og Gardner-Wells tångum og halo toggrind (spelku). Hálsbrot eru lagfærð með Clowards aðferð, þar sem farið er að brotinu framan frá og þeir beinhlutar, sem þrýsta á mænuna lagfærðir eða fjarlægðir og beingraft frá t.d. mjaðmakambi sett til að festa saman hryggjarboli. Skoðanir hafa verið skiptar um það, hvort skera eigi upp sjúklinga með algjöra lömun. Svokallaður "Guttsmans hópur" telur að svo eigi ekki að gera og ráðleggur legu á meðan brotin gróa. Aðrir hafa verið virkir í meðferðinni og skorið upp alla með samfall á hryggjarsbólum, hvort heldur innan háls- eða brjósthuta hryggjarsúlunnar. Síðan hafa brotin verið fest með Harringtons aðferð og búnaði. Aðalókostur aðferðarinnar hefur verið sá, að nauðsynlegt hefur verið að festa saman fleiri liðboli (5-7) en bara á brotstaðnum. Eftir uppskurð hefur sjúkl. þurft að nota hart belti (corset) á meðan brotið er að gróa. Nýjasta aðferðin við þessi brot er svokölluð transpedicular fixation-tækni (í byrjun kennd við Roy-Camille), sem er ytri festing. Tækin eru sett yfir sjálft brotið, stöðugleiki verður það góður að ekki þarf að nota corset á eftir. Aðalástæða fyrir skurðaðgerð er ekki að lagfæra brottfallseinkenni á taugakerfi, t.d. að lækna lömunina, heldur til að flýta fyrir hreyfimöguleikum (mobility), minnka sársauka, hindra aflögun á

hryggsúlu og stytta tíma á spítala. Fyrstu daga eftir slysið og upp í fjórar vikur er til staðar ástand, sem nefnist mænulost (spinal shock). Öll tauga-viðbrögð neðan skaðans eru horfin og lömunin af slappri gerð. Smám saman kemur stífni í vöðva og tauga-viðbrögð verða sjúklega lífleg (spastic). Fyrst er þagblaðran slöpp og starfsemi ristils upphafin, en þetta breytist líka. Strax eftir skyndi-meðferð læknaðiðs hefst þjálfun. Á þessu stigi er samt hjúkrúnn mikilvægust. Auk almennrar hjúkrúnar sjá hjúkrúnarfræðingar um tæmingu þvag-blöðrunnar og þarma og hindra myndun legusára með því að hafa sjúkling í velturúmi eða snúa honum á tveggja tíma fresti allan sólarhringinn.

ENDURHÆFINGIN

Hún er teymisvinna og mikið þolin-mæðisverk fyrir sjúkling, aðstandendur og starfsfólk. Teymið samanstendur af lækni, hjúkrúnarfræðingi, sjúkraliða, sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara, félagsráðgjafa og stundum sálfræðingi. Allir þessir aðilar ásamt öðru tilkölluðu fagfólki vinnur að endurhæfingunni. Gert er ráð fyrir, að endurhæfing paraplegiusjúklings taki 4-6 mánuði og tetraplegiusjúklings um 8-12 mánuði. Þeir síðarnefndu eru oftast háðir hjálp annarra í mismunandi ríkum mæli. Markmið endurhæfingarinnar er að gera viðkomandi eins sjálfbjarga og nokkur kostur er á.

ÚTLIMALÖMUN

Strax eftir slysið er mjög erfitt að segja til um hversu mikil lömunin kemur til með að verða. Haldist hún

algjör í 1-2 sólarhringa eru miklar líkur á, að svo verði áfram um alla framtíð. Horfurnar eru mikið betri hjá þeim, sem hafa lömun að hluta. Oftast kemur í ljós bati hjá þessum hópi eftir 1-2 mánuði. Stífni (spasticity) í ganglimum getur orðið veruleg og hindrað viðkomandi einstakling, þó hann sé hjólastólsbundinn. Sjúkra- og iðjuþjálfar hafa ákveðnar aðferðir til að draga úr stífninni, t.d. með teyg-ingum og staðbundnum kælingum og æfingum. Ýmis lyf hafa spasma-leysandi áhrif. Algengust í dag eru baclofen (Lioresal), tizanidine (Sirdalud) og diazepam. Baclofen hefur verulega spasmaleysandi áhrif með litlum aukaverkunum eins og vöðvaslappleika og syfju. Það hefur þó ekki áhrif á allan spasma. Einstaka sinnum hefur spasminn verið það illviðráðanlegur, að menn hafa gripið til þess ráðs að gafa baclofen sem innrennslislyf inn í mænugöngin (intratecal í infusion). Raferting (stimulation) á mænu hefur einnig verið notuð á stundum.

BLÖÐRULÖMUN

Eftir slysið er þvagblaðran slöpp (atonic). Viðkomandi getur ekki kast-að vatni og verður að tappa af honum þvagi, annað hvort með vissu millibili (intermittent) eða með að leggja upp þvaglegg. Eftir hæð mænuskaðans koma fram tvær aðalgerðir blöðru-lömunar, svokölluð efri taugablaðra (efri neurogenic eða automatic blaðra), ef skaðinn er ofan við T11 og neðri taugablaðra (neðri neurogenic eða autonomic blaðra) við skaða í hæð við T11-L1. Eftir u.þ.b. 4 vikur

hefst blöðruþjálfun, sem hjúkrunarfræðingar sjá um. Við fyrirnefndu blöðrugerðina er stefnt að algjörri tæmingu hennar, en við þá síðarnefndu er reiknað með afgangs þvagi (residual) í blöðrunni í kringum 100 ml. Síðari ár hafa menn meir og meir farið inn á notkun einnota þvagleggja af LoFric gerð og paraplegiusjúklingum kennt að tæma sig sjálfir fjórum sinnum á sólarhring. Margt mælir með þessari aðferð, sem er tiltölulega einföld, fljótleg og tæming blöðrunnar verður algjör í hvert sinn og lítil hætta á leka þess á milli. Þau lyf, sem notuð eru til að hafa áhrif á blöðrustarfsemi, eru ýmist til að auka samdráttarhæfni hennar beint eða óbeint, eins og carbacolin, beta-blokkerar (Propanol) og alfa-blokkerar (Prazac), eða til að draga úr henni, eins og emipromium (Cetiprin) og terodilinum (Mictrol).

KYNLÍFSÞÆTTIR

Ýmsir kynlífsþættir eru háðir starfsemi mænu. Má þar nefna stífni lims (erection), samfarir (coitus), sæðisflutning og sáðlát (ejaculation) og fullnægingu (orgasm). Við mænuskaða truflast þessi starfsemi í mismunandi ríkum mæli. Í stórum dráttum má segja, að mænuskaddaðar konur geta átt eðlilegar samfarir, orðið barnshafandi og fætt börn. Vegna skynskerðingar vantar ákveðnar líffræðilegar forsendur fullnægingar. Hjá karlmanninum er vandinn meiri. Sé skaðinn að hluta, gengur kynlíf yfirleitt vel fyrir sig. Við algjöra þverlömum skiptir hæð mænuskaðans máli. Því hærri eða því ofar sem hann er í mænunni,

því auðveldari verður erectionin, en um leið minni líkur á ejaculation. Við lága skaða er þessu öfugt farið. Við skaða ofan neðsta hluta mænu (ofan sacralsvæðis), á að leggja áherslu á taugaviðbragðæartingu til reðursstöðu (erectionar). Annars beinist örvunin að höfuðtaugaertingu. 80-90% mænuskaddaðra karlmanna ættu að hafa möguleika á samförum. Helstu hindranir fyrir barnseign karlmannsins hafa verið ófullnægjandi samfarir og lélegt sæði. Frjósemi hefur verið talin um 1-5%. Með nýjustu tækni hefur tekist að bæta sæðismyndun og sæðisflutning og að koma frjósemi upp í 90%, ef skaðinn er ofan við T10. Ýmist hafa verið notaðir svokallaðir electrojectorar með rafskautum (electróðum) í endaparmi (rectum) eða svokallaðir limtitrarar (penile vibrators) til að fá fullnægjandi sæði. Í sambandi við kynlíf skiptir samspil einstaklinganna miklu máli svo og sálræni, tilfinningalegi þáttur ástálfsins. Með tækni, einföldum ráðum, breytilegum stellingum og umhyggju er unnt að komast langt á þessu sviði og fá mikið út úr kynlífi þrátt fyrir fötlun.

AÐ LOKUM

Menn lifa áfram þó að mænan skaddist. Verulegar breytingar verða þó á lífsvenjum. Aðalatriðið er samt, að lífið verði innihaldsríkt og að menn fái út úr því gleði og ánægju. Margt bendir til þess að svo hafi til tekist hjá hópi mænuskaddaðra á Íslandi og vísast í því sambandi til SEM- hópsins.

MÆNUSKAÐAR FRÁ SJÓNARHÓLI HJÚKRUNARFRÆÐINNAR

HÚÐ - legusár, þrýstingssár og legusáravarnir.

Legusár er það kallað þegar mikill þrýstingur er á ákveðið líkamssvæði. Þessi mikli þrýstingur minnkar blóðflæði til húðarinnar.

Þrýstingssár myndast yfirleitt á þeim stöðum líkamans þar sem grunnt er á bein s.s. á rófubeini, mjöðmum, sitjanda, hælum, ökkum, hnám og olnbogum. Fyrstu einkennum um þrýstingssár er bleik eða rauðleit húð eða húðlitur sem er ólíkur eðlilegum litarhætti einstaklingsins.

Legusáravarnir.

- Skipta skal reglulega um stellingar (snúningur) til að forðast mikinn þrýsting lengi á sömu líkamshluta.
- Mikilvægt er að vera alltaf í þurrum fötum. Skipta skal eins fljótt og kostur er um fót ef viðkomandi blotnar t.d. af völdum svita, þvags eða annarrar bleytu.
- Föt og rúmföt þurfa að vera úr mjúkum efnum.
- Húðin má ekki nuddast við rúmhlíðarnar.
- Mikil vökvaneysla er nauðsynleg yfir daginn því vefjapurrkur minnkar teygjanleika húðar og eykur því líkur á sáramyndun.
- Góð regla er að viðkomandi skoði

alla líkamshluta á hverjum degi t.d. á morgnana þegar hann klæðist. Við þá líkamshluta sem erfitt er að sjá s.s. rófubein og sitjanda er gott að nota spegil.

- Mælt er með að einstaklingar sem sitja í hjólastól létti þrýsting á rófubein og sitjanda á 15 mín. fresti með því að færa þungann milli hliðanna og fram og aftur. Einnig með því að lyfta sér örlítið upp úr stólum.
- Nauðsynlegt er að sitja á mjúkri sessu sem vel loftar um.

ÚTSKILNAÐUR ÚRGANGSEFNA

Hægðir

Hægðaprógramm ætti að vera stefnufast til þess að það verði árangursríkt. Viðkomandi velur sér tíma til losunar hægða sem passar inn í hans daglegu athafnir. Mörgum finnst tíminn eftir morgun- eða kvöldmat hentugastur. Með þessu er hægt að færa sér í nyt ósjálfráða svörun þarma sem verður venjulega eftir máltíðir. Þarmurinn er því þjálfaður upp í að tæma sig á ákveðnum tímum með því að koma af stað ósjálfráðum viðbrögðum (reflexum). Jafnvægi á milli mataræðis og nægrar drykkju hjálpar til þess að hægðaprógrammið verði árangursríkt. Þarmarnir verða fyrir áhrifum af

mænuskaða. Þverlamaðir einstaklingar hafa ekki stjórn á lokvöðva endaparmsins. Því er mikilvægt að þarmurinn sé tæmdur með reglulegu millibili svo ekki sé hætt á því að hann tæmist fyrirvaralaust. Þetta má tryggja með því að fara á salerni reglulega t.d. annan hvern dag. Sumir verða að nota stikkpillur (hægðalyf) eða örva tæmingu á annan hátt t.d. með því að stinga hanskaklæddum vísifingri upp í endaparm.

Hægðamýkjandi lyf eru oft notuð að staðaldri til að halda hægðum mjúkum og hjálpa til að forðast hægðatregðu.

Hægðirnar geta einnig orðið of linar. Því er nauðsynlegt að hafa samráð við lækni eða hjúkrunarfræðing við töku hægðamýkjandi lyfja svo og annarra lyfja sem gætu valdið hægðatregðu eða linun á hægðum.

Einkenni hægðatregðu:

- Andremma
- Hríf tunga
- Lystarleysi
- Ógleði
- Vindgangur
- Erfiðleikar við einbeitingu
- Sinnuleysi
- Óróleiki
- Höfuðverkur
- Eirðarleysi
- Rugl
- Svefnleysi

Orsakir hægðatregðu:

- Einhæft fæði sem inniheldur lítið af trefjum
- Lítil vökvainntekt
- Minnkuð hreyfing
- Hægðapörf ekki sinnt

Tafla yfir helstu hægðalyf:

Flokkur: Trefjaefni	Lyf: All-Bran
Rúmmálsaukandi hægðalyf	Metamucil Fiblet Hörfræ
Osmótísk hægðalyf (lyf sem halda vökva í hægðum)	Laktúlósa Magnesíum- sulphate
Mýkjandi hægðalyf	Mollax Paraffin olía
Ertandi hægðalyf	Dulcolax Toilax Senokot Prusenid Laxerolía
Stílar	Dulcolax Glycerin
Innhellislyf	Dulcolax Toilax Microlax Fosfat klyasma Klyx

ÞVAGLOSUN

Þvagleggjauppsetning framkvæmd af einstaklingnum sjálfum.

Aftöppun þvags með þvaglegg. Þvagleggur er settur upp í gegnum þvagrásina inn í blöðru og þvag tæmt út. Þvagleggurinn er síðan dreginn hægt til baka þar til blaðran er tæmd. Misjafnt er eftir einstaklingnum hvaða tegund af þvaglegg er notaður.

Hugmyndin með því að einstaklingur læri að setja upp þvaglegg sjálfur er að hann geti tappað af sér þvagi sjálfur eftir þörfum. Góð blöðrutæming minnkar hættu á þvagfærasýkingu og minnkar líkur á þvagleka. Þessi aðferð er gerð hrein en ekki steril (dauðsótthreinsuð) og því auðveldari til notkunar heima. Minni hættu er einnig á þvagfærasýkingu heldur en þegar þvagleggur liggur stöðugt uppi í blöðru.

Áður en einstaklingi er kennt að setja upp þvaglegg og sjá um að tappa af sér þvagi sjálfur verður að ganga úr skugga um að hann sé algjörlega tilbúinn til þess að annast þetta sjálfur. Einstaklingurinn verður að finna út hvaða tími hentar honum best til að tappa af sér þvagi og einnig að haga aftöppun í samræmi við vökvainntekt. Sumum nægir að tappa þvagi af á daginn en aðrir verða að tappa af þvagi einnig á nóttunni. Mikilvægt er að einstaklingur minnki vökvainntekt á kvöldin svo komast megi frekar hjá að tappa þvagi af á nóttunni. Tryggja verður einnig góðan nætursvefn 6-8 klst. Eðlilegt magn við hverja aftöppun er ca. 300-500 ml.

Inniliggjandi þvagleggur.

Í sumum tilfellum þarf einstaklingur

að hafa þvaglegg stöðugt inniliggjandi í blöðru.

Helstu ókostir eru:

- Langvarandi blöðrusýking
- Hætta á myndun þvagsteina
- Viðnám blöðru minnkar
- Þvagleggir geta einnig valdið andlegu álagi sérstaklega fyrir yngra fólk sem lítur á þá sem aðskotahlut.
- Þvagleggir geta einnig truflað kynferðisleg sambönd bæði hjá körlum og konum.

Þvaglosun gegnum kviðvegg. (Suprapubic katiter)

Þvagleggur er settur í gegnum kviðvegg beint inn í þvagblöðru og þvag þannig tæmt út. Tappi er hafður á enda þvagleggs þannig að hægt er að tappa þvagi úr blöðru eftir þörfum. Einnig er hægt að tengja þvagpoka við þvaglegginn.

Hvað er þvagfærasýking.

Þvagfærasýking er afleiðing baktería sem komast í þvagfæri, byrja að margfaldast og valda ertingu í vefjum. Þessar bakteríur er að finna í líkamnum sjálfum eða í umhverfinu.

Einkenni þvagfærasýkingar.

Nauðsynlegt er að þekkja einkenni þvagfærasýkingar og láta þá lækni eða hjúkrunarfræðing vita um einkenni s.s.:

- dökkt þvag
- illa lyktandi þvag
- gruggugt þvag
- höfuðverkur
- minnkuð matarlyst
- hrollur og hækkaður líkamshiti

Fyrirbygging þvagfærasýkingar:

- Handþvottur ! ! ! Góður handþvottur er nauðsynlegur áður en farið er að meðhöndla þvaglegg. Ákveðnar bakteríur eru til staðar á húðinni og enn aðrar haldast á húðinni eftir snertingu við annað fólk og hluti. Góður handþvottur mun fjarlægja flestar af þessum bakteríum. Með þessu er komið í veg fyrir útbreiðslu baktería á þvaglegginn sem gætu síðan komist inn í þvagfærin og valdið þvagfærasýkingu.
- Drekka nægan vökva ca. 1,5-2 lítra á dag.
- Taka lyf á tilskyldum tíma
- Gæta þess að tæma alltaf þvagblöðru
- Fylgjast vel með tærleika þvags.
- Ef einstaklingur hefur inniliggjandi þvaglegg þá gæta þess að nægilegt flæði sé um leggin.
- Hafa samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef minnsti grunur er á þvagfærasýkingu.

KYNLÍF

Ekki er hægt að segja um í byrjun með fullri vissu hvaða kynferðisleg vandamál þverlömum hefur í för með sér. Yfirleitt líður langur tími - jafnvel nokkrir mánuðir þar til hægt er að gera sér grein fyrir hvort og að hve miklu leyti hinar sködduðu tauga-brautir geta starfað. Einnig er afar einstaklingsbundið hvað mænuskaddaðir einstaklingar verða virkir á kynlífssviðinu. Oft líður rúmt ár þangað til áhrif lömunar á kynlífið verða ljós. Með skilningi og umhyggju viðkom-

andi aðila má undir flestum kringumstæðum komast langt í að laga það sem aflaga fer. Menn geta lifað áfram þó mæna þeirra eyðileggist. Verulegar breytingar verða þó á lífsvenjum þeirra sem þverlömum fá. Aðalatriðið er samt að lífið verði innihaldsríkt og að menn fái út úr því gleði og ánægju.

Mikill munur er á kynlífsvirkni hjá körlum og konum og verður því fjallað um málið út frá kynjum. Talað er um fulla skemmd eða skemmd að hluta til.

Þverlamaðir karlar með skemmd á mænu að hluta til eiga mun meiri möguleika á því að athafna sig kynferðislega en þeir sem eru með fulla skemmd. Hinir síðarnefndu eiga þó einnig möguleika á því að njóta sín kynferðislega. Þá er mikilvægt að einhver tilfinning sé í kynfærunum. Rannsóknir (árið 1986) sýna að:

- Flestum lömuðum með algjöra skemmd á mænu og ósjálfráða vöðvasamdrætti í ganglimum getur staðið við ósjálfrátt viðbragð. Sumum stendur auðveldlega án snertingar, öðrum stendur þegar limurinn er snertur eða þegar skipt er um þvaglegg.
- Þegar um hlutaskemmd er að ræða eru möguleikar mun meiri á því að lifa eðlilegu kynlífi. Hins vegar gildir um alla þverlamaða einstaklinga að langur tími getur liðið áður en hægt er að lifa kynlífi og því er þörf á þolinmæði.

Mænuskaddaður karlmaður á oft erfitt með að uppfylla væntingar sem gerðar eru til hans sem karlmanns. Hann verður oft að afsala sér hluta af frum-

kvæði því sem hann hefur vanist og þetta getur valdið erfiðleikum í kynlífinu. Erfiðleikar sem þessir eru af sálrænum toga spunnir og einstaklingurinn verður að leggja nýtt mat á sjálfan sig og stöðu sína sem karlmaður til þess að geta komist yfir erfiðleikana. Hann verður t.d. að temja sér nýjar aðferðir til að komast í samband við hitt kynið.

Kona með þverlömum á auðveldara með að lifa kynlífi en karl með samskonar lömun. Kona með fullan mænuskaða getur hins vegar ekki búist við að fá fullnægingu. Aftur á móti getur hún orðið barnshafandi og fæðingar eru yfirleitt eðlilegar. Mænusködduð kona á oft auðveldara með að laga fötlun sína að hefðbundnu kynhlutverki konunnar. Frumkvæðis er ef til vill ekki krafist af henni í jafn miklum mæli og karlmanninum. Sjálft kynlífið er meira en einföld tæknileg athöfn, sem snýst um kynfærin, samfarir og fullnægingu. Hljýjar tilfinningar, snerting, atlot - allt þetta tengist kynlífinu, eins þó samfarir eigi sér ekki stað. Fullnæging þarf ekki heldur að vera háð því að tilfinningin sé í kynfærunum. Hún getur tengst öðrum líkamshlutum og færst yfir á huglæga sviðið með hjálp ímyndunarafslins. Það er ekkert því til fyrirstöðu að þverlamað fólk geti notið kynlífs rétt eins og aðrir.

NÆRING

Mikilvægt er að veita líkamanum öll nauðsynleg næringarefni þ.e. orkuefni, fjörefni (vítamín), steinefni, prótein, sölt, vatn og trefjaefni.

Trefjar er fjölsykrur sem við getum ekki leyst upp - brotið niður og fara því ómeltar gegnum meltingarveginn. Trefjar auka hreyfingar meltingarvegs. Öll meltingin gengur því hraðar fyrir sig. Trefjar draga í sig mikinn vökva og mýkja því hægðir. Trefjar er helst að fá úr jurtaríkinu s.s. úr ávöxtum, kornmat og berjum.

Þeir sem hafa minnkaða hreyfigetu hafa einnig minnkaða orkuþörf en hafa aukna þörf fyrir bætiefni og trefjar.

Hvernig má auka neyslu trefjaríkra efna.

- Velja trefjaríkt brauð s.s. heilkornsbrauð og klíðisbrauð í staðinn fyrir heilhveitibrauð og hveitibrauð.
- Velja trefjaríkt morgunverðarkorn s.s. All-bran, hafragraut, Weetabix í stað Cocoa Puffs.
- Nota heilhveiti og heilkornsmjöl í matargerð í staðinn fyrir hvítt hveiti.
- Velja trefjaríkar kextegundir s.s. gróft heilhveitikex og rúgkex í stað matarkex og tekex úr hvítu hveiti.
- Auka neyslu grænmetis og ávaxta.

Hafa skal í huga þegar byrjað er að auka neyslu trefjaríkrar fæðu að mikilvægt er að byrja hægt og dreifa neyslunni jafnt yfir daginn. Ef við erum óvön mikilli trefjaefnaneyslu getur hún valdið uppþembu og vindgangi. Það lagast eftir nokkurn tíma. Forðast skal fínunnin kolvetni þ.e. neyslu á sælgæti, sykri, sætum kökum og gosdrykkjum og annari fæðu sem inniheldur mikið magn af sykri og lítið magn af trefjaefnum.

Forðast skal óreglulegar máltíðir.

Mikil neysla mjólkurafurða er stemm-
andi. Hæfileg neysla fyrir fullorðna er
1/2 lítri á dag.

Vökvaneysla.

Mikilvægt er að drekka nægan vökva
þegar borðuð er trefjarík fæða.
Æskileg vökvaneysla á dag er um 2
lítrar eða ca. 6-8 glös af vökva.

Vatn er best við þorsta og æskilegasti
drykkurinn. Þegar verið er að tala
um vökvaneyslu þá er átt við heildar-
neyslu af öllum vökva sem drukkinn
er þ.e. vatni, mjólk, ávaxtasöfum,
kaffi, te o.s.frv.

Almennar ráðleggingar:

1. Sleppa ekki úr máltíðum.
2. Borða aldrei stórar máltíðir.
3. Borða ekki rétt áður en farið er
að sofa.
4. Gefa sér tíma til að borða.
5. Mikilvægt er að vera í réttri kjör-
þyngd.
6. Hreyfing er öllum holl. Fá réttar
leiðbeiningar hvernig best er að
standa að þeim.
7. Forðast skal mikla neyslu á sykri,
salti og fitu.
8. Borða fjölbreytta fæðu úr öllum
fæðuflokkum í máltíð dagsins.

IÐJUPJÁLFUN MÆNUSKAÐAÐRA

Þessi grein var skrifuð að beiðni SEM-hópsins og birtist í DV þann 22. 5. 1989

Meðferð iðjupjálfa við mænuskaða felst fyrst og fremst í þjálfun í athöfn-um daglegs lífs (ADL), þjálfun og styrkingu vöðva til að gera ADL mögulegt, mati á hjálpartækjapörf og þjálfun í notkun hjálpartækja, gerð spelka og þjálfun í notkun þeirra, auk þess að veita stuðning og aðstoð við að aðlagast fötuninni.

Undir hugtakið athafnir daglegs lífs fellur nánast allt sem einstaklingur gerir, þ.e. persónuleg snyrting, klæðnaður, flutningur í og úr hjólastól, borðhald, heimilisstörf, atvinna og tómstundir. Til þess að geta framkvæmt þessar athafnir þurfa mænuskaðaðir einstaklingar oft að nota hjálpartæki, s.s. flutningsbretti til að flytja sig í og úr hjólastól eða spelkur til að auka hreyfingar eða koma í stað fínhyfinga handa, t.d. til að hneppa. Einnig er oft nauðsynlegt að breyta eða aðlaga fatnað til að auðveldara sé að klæðast. Hér er t.d. um að ræða að setja hanka innan í buxur til að toga þær upp með og hring í rennilása sem þumalfingri er stungið í til að renna upp, því oft eru fínhyf-

ingar handa mjög litlar eða engar.

Mjög misjafnt er hversu mikið vægi einstakir þættir ADL hafa í meðferð, allt eftir því hvar mænan hefur skaddast og hversu mikla hreyfigetu einstaklingurinn hefur. Einnig verður að meta með hinum mænuskaðaða hvaða þættir ADL eru honum mikilvægastir því hugsanlegt er t.d. að svo mikil orka fari í að þvo sér og klæðast að viðkomandi verði hreinlega að leggja sig á eftir. Í þessu tilfelli væri e.t.v. raunhæfara fyrir einstaklinginn að fá aðstoð við þessa þætti en geta í staðinn unnið hálfan eða allan daginn.

Hins vegar er mikilvægt að einstaklingurinn læri aðferðirnar og geti þveg-ið sér og klætt sig til að geta haft val um hvort hann vill aðstoð í það og það skipti.

MÆNUSKAÐI EÐA MÆNUSKAÐI ...

Til að sýna hversu ólík vandamál við er að glíma og þann mikla mun sem er á áherslu í þjálfun, eftir því hvar mænan er sködduð, ætla ég að taka dæmi um þjálfun þriggja einstaklinga með misháa skaða.

Fyrst er um að ræða einstakling með mænuskaða á mótis við hálslið 4. Hann getur einungis hreyft höfuðið og lyft öxlum upp. Oft þarf hann að nota einhvers konar tæki til að aðstoða við

öndun en ekki endilega allan sólarhringinn. Hann þarf aðstoð við persónulega snyrtingu, klæðnað, borðhald o.s.frv. en hann getur engu að síður haft heilmikil áhrif á umhverfi sitt. Með örri þróun tölvutækni aukast möguleikar þessara einstaklinga á notkun umhverfisstjórnunartækja (til að kveikja og slökkva ljós, á sjónvarpi, tala í síma o.s.frv.) og tölva, jafnvel til atvinnu. Markmið iðjubjálfunar í þessu tilviki eru að þjálfa þá vöðva og hreyfingar sem hægt er að nýta til að stjórna rofum tengdum umhverfisstjórnunartæki, tölvu eða munnpinna, ásamt því að meta, prófa og þjálfa notkun heppilegustu rofanna fyrir ofan nefnd tæki. Einnig þarf að velja heppilegan rafdrifinn hjólastól, rofa og stýriþinna á hann og þjálfa einstaklinginn í notkun hans.

Lítum síðan á einstakling með lægri skaða, eða á móts við hálslið 6. Almennt þýðir það að hann hefur enga hreyfingu í ganglimum, lélegt setjafnvægi vegna lélegra vöðva í bol, ekkert grip í höndum né fínhyrvingar fingra. Markmið iðjubjálfunar væri að viðkomandi gæti sjálfur annast persónulega snyrtingu, klæðnað, einhver heimilisstörf, s.s. matseld og létt þrif, með eða án spelka og hjálpartækja og auk þess unnið utan heimilis.

Í þessu tilviki fer mikill tími og orka í þjálfun persónulegrar snyrtingar og klæðnaðar í upphafi meðferðar. Það þarf að hanna og búa til spelkur til að gera þessar athafnir mögulegar og æfa notkun þeirra. Eftir því sem einstaklingurinn verður meira sjálfbjarga í þessum atriðum þarf að huga að öðrum þáttum daglegs lífs, s.s.

heimilishaldi ef við á, kennslu orkusparandi vinnuaðferða, æfingu í notkun spelka og hjálpartækja, atvinnu og tómstundum.

Eins og áður sagði er mjög mikilvægt að hafa samráð við hinn mænuskaðaða um hvaða þætti ADL eigi að leggja áherslu á. Það kann að vera til of mikils ætlast að einstaklingurinn geri alla þá hluti daglegs lífs sem hann getur daglega vegna þess að þeir taka e.t.v. of mikinn tíma og orku og þarf því að ákveða forgangsröð, - hvað er einstaklingnum mikilvægast að geta gert?

Þriðja dæmið er einstaklingur með skaða á móts við brjóstlið 2. Hann hefur allgott setjafnvægi, auk þess sem handleggir og hendur hafa fulla hreyfigetu. Hér væri minni áhersla lögð á þjálfun í persónulegri snyrtingu og klæðnaði þar sem ekki ættu að vera svo mikil vandamál með þau atriði. Hins vegar væri mikil áhersla lögð á aðra þætti ADL, þ.e. heimilishald og atvinnu. Tengt þessu væri leiðsögn í orkusparandi vinnubrögðum og vinnustellingum, þjálfun til að snúa aftur út á vinnumarkað og hugsanlega athugun á vinnustað með tilliti til aðlögunar eða breytingar á vinnuumhverfi. Auk þess þyrfti að sjálfsögu að athuga heimilisaðstæður og hvaða breytingar þyrfti að gera þar.

Af þessu má sjá að mjög ólík vandamál blasa við mænusköðuðum einstaklingum, allt eftir því hvar mænan hefur skaddast. Eitt er þó sameiginlegt með þessum einstaklingum en það er að ósjálfráða taugakerfið fer úr skorðum. Í upphafi hefur einstaklingurinn í mörgum tilfellum enga

stjórn á þvagblöðru og hægðum, hita-
jafnvægi líkamans fer úr lagi, svitakóf
og kuldaþrollur sprettur út og fólk fær
óvænt yfirliðatilfinningu. Mörgum
reynist mjög erfitt að sætta sig við
þessa truflun á ósjálfráða taugakerfinu
en flestir aðlagast þessu, læra að
þekkja einkennin og gera viðeigandi
ráðstafanir. En það má ekki gleymast
að það er fleira en líkamlegt ástand
sem breytist í fyrstu við mænuskaða.
Fótunum er ekki eingöngu kippt und-
an einstaklingnum í orðsins fyllstu
merkingu heldur í raun allri veröldinni
- íbúðar- og atvinnuhúsnæði reynist
skyndilega óaðgengilegt, í mörgum til-
fellum er ekki mögulegt að stunda
fyrri atvinnu og e.t.v. allar fyrri vænt-
ingar að engu orðnar. Það er því ekki
óeðlilegt að einstaklingur, sem hlýtur
mænuskaða, verði fyrir andlegu áfalli,
fyllist reiði, afneitun, þunglyndi og fari
í gegnum hin klassísku stig missis (sbr.
kenningar E. Kübler-Ross).

Miklu máli skiptir að styðja einstakl-
inginn í að vinna sig í gegnum þessar
tilfinningar til að verða sáttur við
ástand sitt og aðlagast því. Inn í þessa
andlegu þætti spilar mikið persónu-
leiki, viljastyrkur og gildismat einstakl-
ingsins, m.a. hvaða augum hann lítur
á fötlun. Einnig hefur mikið að segja
hversu mikinn stuðning er að fá frá
ættingjum og vinum.

HVAÐ SVO?

Þegar líða tekur á endurhæfinguna
þarf að huga að búsetu- og íbúðar-
málum. Ef einstaklingurinn á íbúð
þarf að athuga hvort hún sé hentug
fyrir hjólastólsnotanda og ef ekki
hvort hægt sé að breyta henni þannig

að hún henti. Metin er þörf fyrir
hjálpartæki og kennd notkun þeirra.
Grensásdeild Borgarspítalans hefur
afnot af áfangaíbúð sem er sérútbúin
fyrir mænuskaða. Þar geta einstakl-
ingar búið í 6-12 mánuði eftir útskrift.
Þetta er hugsað sem aðlögunar- og
biðtími þar til fólk kemst í varanlegt
húsnæði.

Annað sem huga þarf að er breyt-
ingar- og hjálpartæki í bifreið. Stund-
um þarf að aðstoða við val á nýrri
bifreið og taka þá tillit til hversu
mikla hreyfigetu einstaklingurinn hef-
ur, t.d. hvort hann getur flutt sig inn
í bílinn og sett stólinn inn líka og þá
notað venjulegan fólksbíl eða hvort
hann þarf sendibifreið með rafknúnum
lyftara og sérútbúnu öikumannssæti.
Einnig þarf að meta og prófa hvaða
hnúður eða handfang á stýrið passar
best fyrir einstakling sem hefur lítið
eða ekkert grip. Æfa þarf flutning inn
og út úr bifreið og svo þarf að sjálf-
sögðu að fara í ökutíma með öku-
kennara til að læra að nota hjálpar-
tækin í bílnum.

Fyrri menntun og störf einstaklingsins,
áhugi hans á endurmenntun og hvers
konar störf hann gæti hugsað sér að
stunda skipta miklu máli varðandi
atvinnumöguleika eftir mænuskaða.
Starfsþjálfun fatlaðra, sem rekin er af
Öryrkjabandalagi Íslands, opnar ýmsa
möguleika til menntunar og atvinnu.
En því miður er atvinnuhúsnæði allt
of oft óaðgengilegt fyrir hjólastólanot-
endur og þarf iðjupjálfí þá að meta
hvaða breytingar þarf að gera. Einnig
þarf að kenna líkamsbeitingu, vinnu-
hagræðingu og orkusparandi vinnu-
brögð.

Einnig þarf að huga að tómstundum, því að eftir mænuskaða hefur einstaklingurinn skyndilega mikinn tíma aflögu til að stunda slíkt. Það er því mikilvægur hluti meðferðar iðjuþjálfara að hjálpa til við raunhæft val á áhugamáli og e.t.v. búa til spælkur og hjálpartæki til að mögulegt sé að leggja stund á það.

"KENNDU HONUM AÐ VEIÐA ..."

Hér hefur verið reynt að gera grein fyrir hlutverki iðjuþjálfunar í endurhæfingu mænuskaðra auk þess að fjalla örlítið um þá þætti sem hafa áhrif á árangur endurhæfingarinnar

almennt. Mikilvægt er að aðstoða hinn mænuskaðaða við að setja sér raunhæf markmið og axla ábyrgð á endurhæfingunni, því útkoman veltur oft á einstaklingnum sjálfum.

Segja má að góður árangur hafi náðst ef tekist hefur að gera einstaklinginn að sínum eigin "iðjuþjálfara", þannig að hann hugsi í lausnum en ekki í vanda-málum og leiti sjálfur úrræða því eins og segir í gömlu kínversku spakmæli: "Gefðu hungurðum manni fisk og þú seður hungur hans í eitt sinn. Kenndu honum að veiða og þú seður hungur hans til frambúðar."

Sigrún Knútsdóttir
aðstoðaryfirsjúkraþjálfari Borgarspítalans

MÆNUSKAÐAR Á ÍSLANDI

Frá því að Grensásdeild Borgarspítalans tók til starfa fyrir 17 árum hafa u.þ.b. 78 sjúklingar komið þangað til endurhæfingar vegna mænuskaða eftir slys. Einkenni sjúklinganna hafa verið mismikil, allt frá vægri kraftminnkun og vægum skyndtruflunum upp í mænuskaða með algjörrri lömum og skyntapi.

Ég mun hér segja lítillega frá niðurstöðum kannana sem ég hef gert á

mænusköðum á Íslandi á árunum 1973 -1989.

Fyrri könnunin tók til 62 sjúklinga sem komu á Bsp. vegna mænuskaða eftir slys á árunum 1973 -1982. Flestir þeirra komu síðan á Grensásdeildina til áframhaldandi endurhæfingar.

Seinni könnunin spannaði árin 1983 -1987. Í þeirri könnun voru einungis sjúklingar sem komu til endurhæfingar á Grensásdeild vegna mænuskaða og

var um 15 einstaklinga að ræða. Síðustu tvö árin hafa 5 einstaklingar bæst í hópinn og er því alls um 82 einstaklinga að ræða í könnununum.

TÍÐNI MÆNUSKAÐA

Miðað við samanburðartölur frá nágrannalöndum okkar má gera ráð fyrir að 3 einstaklingar að meðaltali hljóti


mænuskaða árlega hér á landi.


Á töflu nr. 1 sjáum við tíðni mænuskaða á árunum 1973 - 1989.

Eins og kemur fram á töflunni var tíðni mænuskaða á árunum 1973 - 1981 mun hærri hér á landi en í nágrannalöndum okkar eða 6,5 á ári að meðaltali.

TAFLA 1

Fjöldi mænuskaða/Tíðni umferðarslysa





Umferðarslys eru orsök mænuskaða í meira en helming tilfellana. Mikill meirihluti umferðarslysanna hefur átt sér stað úti á þjóðvegum landsins. Í mörgum tilfellum töldu sjúklingar að lausamöl hafi valdið því að þeir misstu stjórn á bílnum.

Of hraður akstur á þjóðvegum landsins við mismunandi góðar aðstæður hlýtur einnig að skipta máli.

Í langflestum tilfellum er vitað að þeir sem hlutu mænuskaða í umferðarslysi höfðu ekki notað bílbelti.

Fall er orsök mænuskaða í 34,2% tilfellana og hefur þá verið um fall


úr mismikilli hæð að ræða.

Oft hafa slysin orðið við byggingavinnu. Einnig hafa nokkur þeirra átt sér stað við íþróttaiðkanir eða í tómstundum, svo sem klettaklifur og dýfingar og í fjórum tilfellum hefur verið um fall af hestbaki að ræða.

Aðrar orsakir mænuskaða hafa m.a. verið snjóþotuslys, flugslys og fallhlífarstökk.

Í nágrannalöndum okkar eru umferðarslys einnig orsök slysanna í u.þ.b. 50% tilfella en mun fleiri hljóta mænuskaða hér á landi vegna falls en í nágrannalöndunum.

Aldursdreifing





43 einstaklingar (52,4%) voru innan við þrítugt þegar slysið átti sér stað, þar af voru 17 innan við tvítugt. Yngsti sjúklingurinn var 5 ára, sá elsti 69 ára.

Á yfirlitinu sést einnig að af þeim 38 sem urðu hjólastólsbundnir til fram-búðar voru 24 innan við þrítugt þannig að í meirihluta tilfellana er um ungt fólk að ræða.

FÖTLUN AF VÖLDUM MÆNUSKAÐA

TAFLA 4

Fötlun vegna mænuskaða



Í töflu nr. 4 sjáum við einkenni frá mænu við komu á sjúkrahús og við útskrift hins vegar.

Ég hef skipt einkennunum í flokka eftir því hversu umfangsmikil þau eru:

- 1) Algjör lömun: Alger lömun og algert skyntap fyrir neðan skaðaða svæðið í mænu.
- 2) Mikil einkenni: Mikil lömun og skyntuflun, viðkomandi er alveg hjólastólsbundinn.
